



# ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður  
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

Ísafjarðarbær  
Pósthólf 56  
400 Ísafjörður

Ísafjörður, 31. ágúst 2017  
2017010003 BÞJ

## Efni: Þjónustuhús við tjaldsvæðið á Þingeyri

Niðurstaða útboðs á byggingu nýs þjónustuhúss við tjaldsvæðið á Þingeyri liggur fyrir. Tvö tilboð bárust.

Vestfirskir verktakar ehf.	Kr. 32.890.940,-
Gamla spýtan ehf.	Kr. 36.287.535,-

Fjárhagsáætlun 2017, samþykkt í bæjarstjórn 1.12.2016, gerir ráð fyrir að heildar kostnaður við verkið verði kr. 20.000.000,- eða um 350.000,- kr./m<sup>2</sup>

Í verkinu felst að fullgera 58m<sup>2</sup> timburhús á steiptum grunni, ganga frá palli kringum húsið og rotþró.

Tjaldsvæðið eru í samkeppnisrekstri og virðisaukaskattsskyldu rekstrarumhverfi, því er heimilt að innskatta kostnað við uppbyggingu.

Heildar kostnaður við verkið, með hönnun og eftirliti, er því um 29.750.758,- kr. að frádregnum vsk., eða 513.000,- kr./m<sup>2</sup>, verði gengið til samninga við lögstjóðanda Vestfirska verktaka ehf.

Vestfirskir verktakar ehf. hafa fallist á að vinna verkið í tveimur áföngum þannig að heildarkostnaður fari ekki yfir kr. 20.000.000,- árið 2017 og verkið klárað fyrir vor 2018, verði áætlað fé til framhaldsins í fjárhagsáætlun 2018.

Tekjur tjaldsvæðisins á Þingeyri eru, samkvæmt ársreikningi 2016, kr. 3.974.847,-. Tekjur árið 2017 eru komnar í tæpar kr. 4.500.000,- og stefnir því í að tekjur ársins verði um kr. 5.000.000,-.

Innri millifærslur á íþróttamiðstöðina Þingeyri vegna vinnu starfsfólks við tjaldsvæðið eru áætlaðar kr. 2.500.000,- árið 2017 (ekki var millifært árið 2016).

Árleg innrileiga nýbyggingarinnar til eignasjóðs, miðað við byggingakostnað kr. 29.750.758,-, er áætluð kr. 2.889.830,-.

Viðhaldskostnaður tjaldsvæðis s.s. sláttur og hirðing gróðurs er um kr. 100.000,- á ári og gera má ráð fyrir rafmagnskostnaði vegna nýbyggingar verði kr. 80.000,- á ári (áætlaður viðhaldskostnaður, tryggingar og skattar á nýbyggingu er innifalið í leigu til eignasjóðs).

Heildarkostnaður tjaldsvæðisins á Þingeyri að viðbættum kostnaði vegna nýbyggingar er því áætlaður um 5,6 milljónir. Rúmar 1.600.000,- kr. vantar því uppá rekstur tjaldsvæðisins eftir nýbyggingu miðað við ársreikning 2016.

Undirritaður leggur til, samþykki bæjarráð að fara í verkefnið á þeim forsendum sem á undan eru taldar, að samið verði við Vestfirska verktaka ehf. um fyrri áfanga verksins árið 2017 og seinni áfanga vísað til fjárhagsáætlunargerðar.

Virðingarfyllst,  
  
Brynjar Pór Jónasson  
- sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs -

Hjálagt: Teikningasett fyrir þjónustuhús.